

**1994 nr. 145 29. desember****Lög um bókhald****I. kafli. Bókhaldsskylda.**

■ **1. gr.** Eftirtaldir aðilar eru bókhaldsskyldir:

1. hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila;

2. samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm váttrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu;

3. sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna;

4. bankar, sparisjóðir, verðbréfasjóðir og -fyrirtæki sem falla ekki undir aðra töluhöfð þessarar greinar;

5. hvers konar fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem stunda atvinnurekstur;

6. þrotabú og önnur bú sem eru undir skiptum ef þau stunda atvinnurekstur;

7. hvers konar önnur félög, sjóðir og stofnanir sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu;

8. hver sá einstaklingur sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

□ Þegar tveir eða fleiri aðilar standa saman að afmörkuðum rekstri í tengslum við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að færa sameiginlegt bókhald um samreksturinn. Niðurstöður sameiginlega bókhaldsins skulu færðar sundurliðaðar á viðeigandi reikninga í bókhaldi hvers samrekstraraðila að réttu tiltölu svo oft sem þurfa þykir.

■ **2. gr.** Þeir sem skyldir eru að færa bókhald skv. 1. gr. skulu halda tvíhliða bókhald, sbr. þó 3. gr.

■ **3. gr.** Undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar sem nota ekki meira aðkeypt vinnuafli við starfsemi sína en sem svarar einum starfsmanni að jafnaði og stunda eftirtalda starfsemi:

1. útgerð á bátum undir 10 rúmlestum;

2. verkun sjávaraflla ef meiri hluti sölu hans fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;

3. búrekstur ef meiri hluti sölu afurða fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;

4. akstur leigu-, sendi-, vöru- og fólksflutningabifreiða, svo og rekstur vinnuvéla;

5. iðnað, þar með talda viðgerðarstarfsemi;

6. þjónustu þar sem fyrst og fremst er seld vinna eða fagleg þekking og ekki er um fjárvörslu að ræða í tengslum við selda þjónustu.

□ Undanþegin skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru enn fremur félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 7. tölul. 1. gr., sem stunda ekki atvinnurekstur ef tekjur þeirra eru eingöngu framlög sem innheimt eru hjá félagsaðilum og ganga til greiðslu á sameiginlegum útgjöldum, þar með töldu aðkeyptu vinnuafli sem svarar til allt að einum starfsmanni að jafnaði.

□ Ef aðili er skyldur til að halda tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar skal það eiga við um allan atvinnurekstur hans.

□ Þeir bókhaldsskyldir aðilar, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald samkvæmt þessari grein, skulu færa þær bækur sem greinir í 5. mgr. 10. gr.

■ **4. gr.** Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt og semja ársreikninga í samræmi við lög, reglugerðir og góða bókhalds- og reikningskilavenju.

■ **5. gr.** Stjórnendur þeirra félaga, sjóða og stofnana, sem um ræðir í 1.–7. tölul. 1. gr., og þeir sem ábyrgð bera á starfsemi skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., sbr. og 2. mgr. 1. gr., skulu sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.

**II. kafli. Bókhald.**

*Almenn ákvæði um bókhald.*

■ **6. gr.** Bókhaldi skal haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Það skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast og nauðsynlegar eru til að meta megi tekjur og gjöld, eignir og skuldir.

□ Bókhaldið skal með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfseminnar vera í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju eins og hún er á hverjum tíma, svo og ákvæði laga og reglugerða.

■ **7. gr.** Tvíhliða bókhald skal skipuleggja með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfsemi.

□ Skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhaldskerfis skal liggja fyrir og m.a. veita upplýsingar um tölvukerfi og tölvubúnað, tengsl við aðrar tölvur og hlutverk þeirra. Ef sjálfvirkir tölvuúrvinnslu er beitt í bókhaldi skal á sama hátt liggja fyrir lýsing á henni á þann hátt að unnt sé án erfiðleika að fylgja eftir og hafa eftirlit með meðferð hvers liðar. Reikningar bókhaldsins skulu sérstaklega tilgreindir og notkun þeirra greinilega afmörkuð, svo og lýsing á tekjuskráningu.

□ Bókhaldið skal þannig skipulagt að auðvelt sé að rekja sig frá frumgögnum til færslna í bókhaldi, svo og frá færslum í bókhaldi til frumgagna, og milli niðurstöðu úr bókhaldi og ársreiknings. Jafnframt skal skipulag og stjórnun bókhaldsins við það miðuð að tryggja vörslu bókhaldsgagna og eðlilegt innra eftirlit. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og haft er að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóti tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

□ Ráðherra getur sett reglur um lágmarkskröfur sem gerðar eru til bókhaldskerfa fyrir tölvur og mælt fyrir um að þau skulu hljóta opinbera viðurkenningu áður en notkun þeirra er heimiluð.

■ **8. gr.** Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

□ Með ytri frumgögnum er átt við gögn frá þeim sem viðskipti eru gerð við, svo sem reikning, afreikning, greiðsluseðil, gíróseðil, greiðslukvittun, samning, myndrit, skeyti eða önnur jafngild frumgögn. Þessi gögn skulu bera með sér, eftir því sem við á, auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að sannreyna megi viðskiptin.

□ Með innri frumgögnum er átt við gögn sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda sjálfum, svo sem samrit reikninga, afreikninga, greiðsluseðla, gíróseðla, greiðslukvittana, samninga eða skeyta, svo og öll önnur gögn sem gerð eru til að skrá hreyfingar eða millifærslur innan bókhaldsins sjálfs.

□ Ávallt skal vera unnt að kalla fram og prenta þau skjöl sem liggja til grundvallar færslum í bókhaldi þegar um er að ræða sendingar milli tölva.

■ **9. gr.** Í bókhaldi skal skrá viðskipti jafnskjótt og þau fara fram enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Önnur atvik skulu skráð svo fljótt sem unnt er eftir að þau eiga sér stað.

□ Færslur, sem eingöngu byggjast á skjölum sem flutt eru milli tölvukerfa, skulu skráðar í bókhaldið jafntryggilega og aðrar færslur.

□ Færslur í bókhaldi skulu vera í skipulegri númeraröð, endurspeglar að jafnaði rétta tímaröð viðskipta og annarra færslu-tilfna og gefa skýra mynd af því sem þeim er ætlað að lýsa.

□ Færslurnar skulu vísa til viðeigandi frumgagna og geyma skýrar upplýsingar um efni viðskipta eða annarra atvika, reikningsheiti og dagsetningu.

*Bókhaldsbækur og reikningaskipan.*

■ **10. gr.** Bókhaldsbækur skulu færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu bóka-, korta-, lausblaða- eða tölvukerfi.

□ Bókhald þeirra aðila, sem skyldir eru til að halda tvíhliða bókhald, skal samanstanda af:

1. dagbók þar sem allar færslur koma fram í færsluröð;
2. hreyfingalista þar sem allar færslur dagbókar hafa verið flokkaðar á viðeigandi bókhaldsreikninga, sbr. þó 6. mgr.;
3. aðalbók þar sem fram kemur staða hvers einstaks bókhaldsreiknings, sbr. 12. gr.;
4. ársreikningi, sbr. 22. gr.

□ Bækur skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. nefnast einu nafni fjárhagsbókhald.

□ Í bókhaldi aðila skv. 2. mgr. skulu vera eftir því sem við á:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;

2. viðskiptamannabókhald, sbr. 15. gr.

□ Í bókhaldi þeirra aðila, sem undanþegnar eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skv. 3. gr., skulu vera:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;

2. sundurliðunarbók, sbr. 14. gr.;

3. ársreikningur, sbr. 22. gr.

□ Í handfærðu bókhaldi eru kröfur skv. 2. tölul. 2. mgr. uppfylltar með færslu á viðeigandi bókhaldsreikninga í dagbók, sbr. 1. tölul. 2. mgr. Heimilt er að sameina sjóðbók og dagbók sem nefnist þá sjóðsdagbók. Sjóðbók og sjóðsdagbók skulu vera fyrir fram innbundnar og blaðsíðurnar tölusettar en færi aðili bæði sjóðbók og sjóðsdagbók má hin síðarnefnda vera lausblaðabók. Í handfærðu bókhaldi skal aðalbók vera fyrir fram innbundin og blaðsíðurnar tölusettar og færa má ársreikninginn í aðalbókina.

□ Bókhaldsbækurnar skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum.

■ **11. gr.** Að jafnaði skal haga reikningaskipan í bókhaldinu þannig að færðir séu hreinir eigna- og skulda-, gjalda- og teknareikningar. Færa skal þá reikninga í bókhaldinu sem nauðsynlegt er til að eðlileg sundurliðun náist með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

□ Í stað sundurliðunar á skylda reikninga er heimilt að halda einn eða fáa reikninga í fjárhagsbókhaldinu en sundurliða þá í sérstöku undirkerfi. Slík undirkerfi skulu tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran og öruggan hátt um tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi. Færslur, sem eiga uppruna sinn í slíkum undirkerfum, skulu færast í sérstaka dagbók og berast til fjárhagsbókhalds með reglubundnum og ör-

uggum hætti. Við færslu í undirkerfi skal ætíð vísað til grunn- gagna.

□ Eftir því sem aðstæður leyfa skal haga reikningaskipan þannig að nægilegt innra eftirlit skapist.

■ **12. gr.** Í aðalbók skal koma fram staða hvers einstaks bókhaldsreiknings í lok hvers bókhaldstímabils í samræmi við hreyfingalista eða dagbók í handfærðu bókhaldi. Samtölur aðalbókar skulu hverju sinni innifela allar færslur sem fram að því hafa verið gerðar á reikningsárinu.

■ **13. gr.** Í sjóðbók skal færa allar innborganir í sjóð og útborganir úr honum á þann hátt að auðvelt sé að bera saman sjóðseign og niðurstöðu sjóðbókar í lok starfsdags eða vinnu- lotu, allt eftir tegund starfsemi.

□ Hver greiðsla færast sérstaklega. Þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Enn fremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og færslu sjálfrar sjóðbókarinnar. Skyld er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina og skal í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslum. Undirbækur sjóðbókar mega vera lausblaðabækur.

□ Falla má frá færslu í sjóðbók þegar fyrir liggur annað jafn- öruggt skráningarkerfi innborgana og útborgana.

■ **14. gr.** Þeir sem eru undanþegnar skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða viðskipti sín í sérstaka bók, sundurliðunarbók, þar sem hreyfingar ársins á eignum og skuldum, tekjum og gjöldum eru flokkaðar eftir tegundum. Heimilt er að færa í einu lagi niðurstöðutölur undirbókna bókhaldsins, þar með taldar samanlagðar niðurstöður af útgefnum reikningum á bókhaldstímabilinu. Í lok hvers bókhalds- tímabils skal stemma hreyfingar á handbæru fé á tímabilinu af við færslur í sundurliðunarbókina með því að taka tillit til útistandandi krafna og ógreiddra reikninga við upphaf og lok bókhaldstímabilsins.

□ Niðurstöður sundurliðunarbókar skal vera unnt að rekja til ársreiknings.

■ **15. gr.** Í fjárhagsbókhaldi eða sérstöku viðskiptamanna- bókhaldi, sem tengist fjárhagsbókhaldinu, skal hafa reikninga yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau sem hönd selur hendi. Þó er heimilt að sameina óveruleg viðskipti á einn eða fáa reikninga.

□ Ef notað er sérstakt viðskiptamannabókhald sem undirkerfi fjárhagsbókhalds skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Viðskiptamannabókhald skal tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran hátt um sérstaka tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi.

2. Í viðskiptamannabókhaldi skal á hverjum tíma vera unnt að kalla fram stöðu viðskiptamannareikninga hvers um sig og í heild. Samtöluna skal vera unnt að rekja til tiltekinnar reikninga í fjárhagsbókhaldi, sbr. 1. tölul.

3. Færslur á viðskiptamannareikninga skulu berast milli fjárhagsbókhalds og viðskiptamannabókhalds með reglulegum og öruggum hætti.

4. Þegar færslur eiga uppruna sinn í viðskiptamannabókhaldi skal færð dagbók um þær færslur með sama hætti og í fjárhagsbókhaldi.

5. Við færslur í viðskiptamannabókhald skal ætíð vísað til grunn- gagna.

■ **16. gr.** Í lok hvers reikningsárs skal telja vörubirgðir og reikna út verðmæti þeirra. Á vörutalningarlistum eða í

vörutalningarbókum skal koma fram heiti, magn, einingarverð og útreiknað verðmæti hversrar einstakrar vörutegundar ásamt samtölu. Vörutalningarlista og vörutalningarbækur skulu talningarmenn undirrita.

□ Þeir sem nota stöðugt birgðabókhald eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. enda er þá gert ráð fyrir skipulegum talningum og að birgðaskrár séu leiðréttar með reglubundnum hætti.

□ Ef birgðir eru verðlagðar á söluverði skal á skýran og aðgengilegan hátt koma fram hvernig kostnaðarverð er reiknað.

■ **17. gr.** Tekjuskráning bókhaldsskyldra aðila skal byggjast á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram. Öruggt kerfi í þessu sambandi teljast m.a. reikningar, afreikningar og giróseðlar, enda séu þessi gögn í öruggu skipulegu númerakerfi, og sjóðvélar sem notaðar eru við sölu á vörum og þjónustu í smásölu, svo og önnur sambærileg og örugg kerfi til tekjuskráningar, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í öðrum lögum.

■ **18. gr.** Sjóðbók, sjóðsdagbók og dagbók í handfærðu bókhaldi skal lokað reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Niðurstöður einstakra reikninga skulu þá færðar í aðalbók. Færslu í aðalbók skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers bókhaldstímabils.

□ Þeir sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða færslur sínar í sundurliðunarbók eftir því sem þörf er á og eigi sjaldnar en í lok reikningsárs.

□ Við gerð ársreikninga skal fara fram nákvæm og fullkominn lokun á öllum bókhaldsbókum.

□ Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningi og í aðalbókinni.

*Fylgiskjöl og geymsla bókhaldsgagna.*

■ **19. gr.** Fylgiskjöl með bókhaldinu skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur í bækurnar. Þau skulu geymd í samfelldri töluöð.

□ Hverjum bókhaldsskyldum aðila er skylt að geyma með skipulögðum hætti öll bréf, myndrit og skeyti er honum berast og hafa þýðingu í rekstri hans. Enn fremur skal halda eftir samritum af öllum þeim bréfum, myndritum og skeytum er hann sendir öðrum og hafa þýðingu í rekstri hans.

■ **20. gr.** Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjölum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skulu varðveittar hér á landi á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggja fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

□ Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að prenta gögnin í upprunalegu formi eða yfirfæra á nýjan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

□ Ársreikning skal ætíð varðveita í 25 ár.

■ **21. gr.** Allt, sem fært er í bækur eða á reikninga, skal vera skýrt og læsilegt með varanlegu lettri. Eigi má eyða eða gera á annan hátt ólæsilegt það sem eitt sinn hefur verið í þær fært þótt fyrst hafi verið misfært af vangá. Þurfi að gera breytingu á færslu skal það gert með annarri færslu eða þannig að hin ranga færsla verði læsileg að leiðréttingu lokinni.

□ Leiðrétting á rangri færslu skal gerð með sérstöku fylgi-

skjali þar sem fram komi hvaða færslu er verið að leiðrétta og hvers vegna.

### III. kafi. Ársreikningur.

*Reikningsár og undirritun.*

■ **22. gr.** Þeir sem bókhaldsskyldir eru skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár samkvæmt lögum þessum enda séu ekki gerðar strangari kröfur í öðrum lögum. Ársreikningurinn skal a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

□ Reikningsárið skal vera tólf mánuðir. Við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en átján mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilfni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

□ Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal undirritaður af þeim sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 5. gr.

□ Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbáru fram að færa gegn honum skal hann undirrita reikninginn með árituðum fyrirvara. Koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

*Efnahagsreikningar og rekstrarreikningar.*

■ **23. gr.** Í efnahagsreikningi skal á kerfisbundinn hátt tilgreina eignir, skuldir og eigið fé hlutaðeiganda í lok reikningsársins. Reikningurinn skal þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í árslok í samræmi við góða reikningsskilavenju.

□ Í rekstrarreikningi skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við góða reikningsskilavenju.

■ **24. gr.** Rekstrarreikningar og efnahagsreikningar skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilfni til annars. Ef gerðar eru breytingar skulu þær tilgreindar í skýringum.

□ Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

□ Í ársreikningi skulu fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

■ **25. gr.** Tekjur skulu að jafnaði færðar í rekstrarreikning þess árs þegar til þeirra er unnið og gjöld þegar til þeirra er stofnað.

■ **26. gr.** Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað.

■ **27. gr.** Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningnum eða skýringum.

*Mat eigna.*

■ **28. gr.** Í efnahagsreikningi ber að tilgreina peningalegar eignir og skuldir með þeirri fjárhæð er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Varanlegir rekstrarfjármunir skulu að jafnaði tilgreindir á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum. Sé frá þessu vikið skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

□ Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstandur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði, sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim, fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

□ Vörubirgðir má eigi telja til eignar á herra verði en kostnaðarverði eða dagverði ef það er lægra. Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt að ákvarða sem vegið meðalverð allra

birgða af sama tagi á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð.

□ Ef gerðar eru verulegar breytingar á mati eigna eða skulda frá síðasta efnahagsreikningi skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

■ **29. gr.** Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

□ Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum.

□ Matsbreytingar samkvæmt þessari grein skal færa í rekstrarreikning.

■ **30. gr.** Taka má tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag starfseminnar í samræmi við góða reikningsskilavenju.

□ Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

*Skýringar:*

■ **31. gr.** Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki greinilega fram þar:

1. breytingar á varanlegum rekstrarfjármunum á árinu;
2. opinbert mat á eignunum ef það liggur fyrir;
3. nafnverð eignarhluta í félögum;
4. hreyfingar á eiginfjárreikningum;
5. veðsetningu eigna og ábyrgðir;
6. önnur þau atriði sem máli skipta við mat á rekstri og efnahag og ekki koma annars staðar fram.

*Skoðun reikninga.*

■ **32. gr.** Bókhaldsskyldir aðilar, sem falla ekki undir ákvæði laga um ársreikninga, geta á aðalfundi eða félagsfundi kosið einn eða fleiri skoðunarmenn ársreikninga og varamenn þeirra. Skoðunarmenn geta verið úr hópi félagsmanna en mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.

□ Skoðunarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976,<sup>1)</sup> um löggilta endurskoðendur. Uppfylli skoðunarmaður ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr skoðunarmaður eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

□ Ef félag kys endurskoðanda í stað skoðunarmanns skulu ákvæði laga um löggilta endurskoðendur eiga við um starf hans.

<sup>1)</sup> *Nú l. 18/1997.*

■ **33. gr.** Skoðunarmenn skulu hvenær sem er hafa aðgang að bókhaldi til að gera þær athuganir og kannanir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skal stjórn sjá til þess að skoðunarmenn fái þau gögn, upplýsingar og aðstoð sem þeir álíta nauðsynleg.

■ **34. gr.** Með áritun sinni á ársreikning skulu skoðunarmenn staðfesta að þeir hafi yfirfarið hann. Þar skal koma fram að eignir þær og skuldir, sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi, séu fyrir hendi og að breytingar á eigin fé séu í samræmi við bókhaldið. Þá skulu skoðunarmenn ganga úr skugga um að á reikningsárinu hafi verið farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna

og önnur atriði í rekstrinum. Telji skoðunarmaður að svo hafi ekki verið skal hann árita ársreikninginn með viðeigandi athugasendum.

□ Ef skoðunarmaður telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggja atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Áritun skoðunarmanns telst hluti ársreiknings og skal varðveitt ásamt honum.

■ **35. gr.** Skoðunarmenn eiga rétt á að sitja fundi þar sem fjallað er um ársreikninga.

□ Skoðunarmönnum er óheimilt að gefa einstökum félagsaðilum eða öðrum upplýsingar um hag félags.

**[IV. kafli. Viðurlög og málsmeðferð.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> *L. 37/1995, 1. gr.*

■ **[36. gr.** Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara á þann hátt sem lýst er í 38.–40. gr. skal sæta fésektum, en brot gegn 37. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 38. gr. varða . . .<sup>1)</sup> fangelsi allt að sex árum skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eða fésektum ef málsbætur eru miklar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> *L. 82/1998, 218. gr.* <sup>2)</sup> *L. 37/1995, 1. gr.*

■ **[37. gr.** Svofelld háttsemi bókhaldsskylds manns eða fyrirsvarsmanns lögaðila telst ætíð meiri háttar brot gegn lögum:

1. Ef hann færir ekki tilskilið bókhald fyrir sjálfan sig eða lögaðila þannig að hann uppfylli ekki kröfur laga í meginatriðum.

2. Ef hann varðveitir ekki fylgiskjöl eða önnur bókhaldsgögn eða gerir það á svo ófullnægjandi hátt að ógerningur sé að rekja bókhaldsfærslur til viðskipta og byggja bókhaldsbækur og ársreikning á þeim.

3. Ef hann rangfærir bókhald eða bókhaldsgögn, býr til gögn sem ekki eiga sér stoð í viðskiptum við aðra aðila, vantelur tekjur kerfisbundið eða hagar bókhaldi með öðrum hætti þannig að gefi ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

4. Ef hann eyðileggur bókhald sitt eða lögaðila, í heild eða einstakar bókhaldsbækur, skýtur þeim undan eða torveldar aðgang að þeim með öðrum hætti. Sama á við um hvers konar bókhaldsgögn sem færslur í bókhaldi verða raktar til.

5. Ef hann lætur undir höfuð leggja að semja ársreikning í samræmi við niðurstöður bókhalds, eða ársreikningur hefur ekki að geyma nauðsynlega reikninga og skýringar eða er rangfærður að öllu leyti eða hluta, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

□ Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við þau brot sem lýst er í 1.–5. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> *L. 37/1995, 1. gr.*

■ **[38. gr.** Bókhaldsskyldur maður eða fyrirsvarsmaður lögaðila gerist sekur um refsivert brot gegn lögum þessum með athöfnum þeim eða athafnaleysi sem hér segir:

1. Ef hann vanrækir að færa einstakar bókhaldsbækur eða hagar bókhaldi sínu, bókhaldsfærslum, meðferð bókhaldsgagna eða gerð ársreikninga andstætt ákvæðum laga og reglugerða, enda liggja ekki þyngrir refsing við broti samkvæmt þeim lögum eða öðrum.

2. Ef hann hagar ekki bókhaldi sínu á nægilega skýran, öruggan og aðgengilegan hátt, á grundvelli fullnægjandi

gagna og í samræmi við góða bókhaldsvenju eða tekjuskráning er ekki byggð á skýru og öruggu kerfi þannig að rekja megi tekjur og önnur viðskipti og notkun fjármuna.

3. Ef hann vanrækir að tryggja vörslur bókhalds, bókhaldsgagna eða ársreiknings eða hefur skipulag og uppbyggingu bókhaldsins og fylgiskjala þess ekki með öruggum hætti.

4. Ef hann skráir ekki viðskipti samkvæmt góðri bókhaldsvenju, framkvæmir ekki færslur í númera- og tímaröð og með tilskildum reikningseinkennum.

5. Ef hann hagar ekki gerð ársreiknings eða einstakra þátta hans þannig að hann gefi skýra mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess í samræmi við góða reikningsskilavenju.

6. Ef hann vanrækir að framkvæma vörutalningu, ekki koma fram í birgðaskrá tilskildar upplýsingar um magn, einingaverð og útreiknað verðmæti hvorrar vörutegundar eða mat vörubirgða er verulega rangt.

□ Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við brot þau sem lýst er í 1.–6. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 37/1995, 1. gr.

■ [39. gr. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum, önnur en sú sem lýst er í 37. og 38. gr. laga þessara, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 37/1995, 1. gr.

■ [40. gr. Gera má lögaðila fésekt fyrir brot gegn lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmannur hans eða starfsmannur gerst sekur um brot á lögum þessum má auk þeirrar refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 37/1995, 1. gr.

■ [41. gr. Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfdáðum, svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að málið verði fengið yfirsattaneftnd til úrlausnar.

□ Yfirsattaneftnd úrskurðar sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins leggur mál fyrir yfirsattaneftnd og kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurð-

ir yfirsattaneftndar eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hennar.

□ Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

□ Sakir samkvæmt lögum þessum fynrast á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglerðum fulltrúum þeirra, gegn manni sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 37/1995, 1. gr.

[V. kafli.]<sup>1)</sup> Ýmis ákvæði.

<sup>1)</sup> L. 37/1995, 1. gr.

■ [42. gr.]<sup>1)</sup> Fjármálaráðherra getur með reglugerð<sup>2)</sup> sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um bókhaldsskyldu, undanþágu frá færslu tvíhliða bókhalds, skipulag bókhalds, bókhaldsgögn og notkun tölva við færslu bókhalds og geymslu gagna.

<sup>1)</sup> L. 37/1995, 1. gr. <sup>2)</sup> Rg. 598/1999, sbr. 15/2001; rg. 600/1999.

■ [43. gr.]<sup>1)</sup> ... <sup>2)</sup>

□ [Í fjármálaráðuneytinu skal haldin skrá yfir viðurkennda bókkara. Öðrum en þeim sem teknir hafa verið á skrá er óheimilt að kalla sig viðurkenndan bókkara eða með öðrum hætti gefa til kynna að þeir hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt þessari grein.

□ Sá sem óskar að fá viðurkenningu sem bókkari og verður tekin á skrá skv. 1. mgr. skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Vera heimilisfastur hér á landi.
2. Vera lögráða og hafa forræði á búi sínu.
3. Hafa staðist próf skv. 3. mgr.

□ Fjármálaráðherra skal hlutast til um að reglulega séu haldin námskeið og próf fyrir þá sem vilja fá viðurkenningu sem bókkarar. Í viðurkenningu ráðherra felst að viðkomandi aðili hefur staðist próf í bókkfærslu, helstu atriðum reikningsskila og lögum og reglugerðum um skattskil.

□ Til að annast námskeið og próf skipar ráðherra þriggja manna prófnefnd. Ráðherra getur, að fenginni umsögn prófnefndar, falið öðrum að annast námskeið og próf samkvæmt lögum þessum. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreinar og kennslu, svo og námskeiða- og prófagjöld skulu sett í reglugerð.<sup>3)</sup> Við ákvörðun á fjárhæð þeirra skal við það miðað að þau séu eigi hærri en kostnaður við námskeið og próf.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 37/1995, 1. gr. <sup>2)</sup> l. 37/1995, 2. gr. <sup>3)</sup> Rg. 473/2001. <sup>4)</sup> L. 29/1997, 1. gr.

■ [44. gr.]<sup>1)</sup> Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995. ... Hjá þeim sem hafa annað reikningsár en almanaksárið koma lög þessi þó ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 1995.

<sup>1)</sup> L. 37/1995, 1. gr.